



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 19. október 2017

Niðurstaða athugunar á stofnun óumbeðinna krafna í netbanka hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á stofnun óumbeðinna krafna í netbanka hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf. í maí 2017. Markmið athugunarinnar var að skoða sérstaklega hvort starfsemi bankanna að þessu leyti væri í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Einnig hvort bankinn uppfyllti skilyrði 19. gr. laga nr. 161/2002 en þar kemur fram að fjármálafyrirtæki skuli starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði.

Athuginin beindist að upplýsingum um reglur/skilmála um stofnun valgreiðslukrafna í netbanka, svo og upplýsingar um birtingarhátt valgreiðslukrafna í netbanka, hjá hverjum banka fyrir sig. Verkferlar bankanna voru skoðaðir, ásamt því að óskað var eftir upplýsingum um hvernig eftirlitið væri með framangreindum atriðum hjá þeim. Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í júlí 2017 að undangengnum samskiptum við hluteigandi banka hverju sinni.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugun þessa taldi eftirlitið ekki tilefni til að gera athugasemdir við starfshætti við stofnun óumbeðinna krafna í netbanka hjá ofangreindum bönkum.